

Mosöld 2017



42. Öldungamót

Blaksambands Íslands

Haldið í Mosfellsbæ 28.-30. apríl 2017





Skýrsla öldunganefndar Mosaldar 2017

Formaður; Öldungur 2017: Guðrún K Einarsdóttir

Í reglum öldungamótsins stendur að Öldungur skuli velja 2 aðila með sér og skulu þeir skipa öldunganefnd mótsins. Öldungur 2017 ákvað hins vegar í samvinnu við aðalstjórn Blakdeildar Aftureldingar að breyta út af þeirri reglu og var ákveðið að öldunganefndin skyldi skipuð aðalstjórn Blakdeildar Aftureldingar sem í sátu 7 manns, þ.e. formenn og gjaldkerar hinna ýmsu ráða innan deildarinnar.

Í öldunganefnd Mosaldar 2017 voru eftirfarandi aðilar sem jafnframt veittu formennsku í þeim nefndum sem voru við störf fyrir og á Mosöld 2017.

Öldunganefndin var þannig skipuð:

Guðrún K Einarsdóttir: öldungur og formaður öldungarnefndar og mótanefndar

Þórey Björg Einarsdóttir; gjaldkeri og formaður lokahófsnefndar

Hafðís Björnsdóttir; umsjónarmaður reikninga og formaður ritnefndar

Íris Hrund Bjarnadóttir; formaður verðlauna-og minjagripanefndar

Guðrún E Sveinsdóttir; formaður gistinefndar

Grétar Eggertsson; formaður fjárhagsnefndar

Finnur Ingimarsson; formaður veitinganefndar.

Strax á fyrsta fundi öldunganefndar var ákveðið að mótið skyldi halda nafni sínu eins og í hin 2 skiptin þegar Blakdeild Aftureldingar hélt öldungamót og heita einfaldlega: MOSÖLD 2017.

Einnig var ákveðið að endurvekja til lífsins mótslagið frá Mosöld 2010 : Komdu í blak og fara í breytingar þar sem þurfti.

Sumar nefndir tóku strax til starfa og var þegar búið að hafa samband við Öldung vegna ýmissa mála og því viss atriði komin á góðan skrið strax á haustmánuðum.

Ákveðið var að nýta kosti google.com og nýta Drive eiginleikana og allt var vistað þar og var búin til sameiginleg mappa sem í fóru öll skjöl og allt sem viðkom Mosöld 2017 sem allir í Öldunganefnd höfðu

aðgang að og fyllt í jafnóðum og þannig gátu allir fylgst með því sem var að gerast. Netfangið mosold2017@gmail.com var búið til sem og sér netföng fyrir auglýsinga- og lokahófssamskipti.

Byrjað var að setja upp ramma fyrir verkefni nefndanna og hugsanlega tímaáætlun. Síðan var fundað með öllum þátttakendum og foreldrum í Blakdeild Aftureldingar og þeim kynnt verkefnið og öllum boðið að skrá sig í þær nefndir sem þeir höfðu áhuga á.

Formenn hvernar nefndar voru ábyrgir fyrir vinnu sinna nefnda og að koma skilaboðum á milli öldunganefndar og nefndarmanna ásamt því að skila inn skýrslu í lok mótsins.

Verkefni Öldunganefndar var í meginatriðum eftirfarandi:

- Samhæfa störf allra nefnda.
- Öldunganefndin fór með fjármagnsvaldið. Engin nefnd gat ráðstafað fé án þess að fá samþykki ráðsins fyrst. Með því fæst yfirsýn yfir heildar útgjöld og tekjur. Prókúru reikninga mótsins höfðu öldungur og gjaldkerar.
- Allar lokaákvæðanir lágu hjá öldunganefndinni. Þannig skapaðist samstaða um hvernig og hvað ætti að gera.
- Skipulag öldungarþings.
- Skipulag og framkvæmd verðlaunaafhendingar.

Ákveðið var að gera mótsmerki og fána með merkinu á. Verðlauna og mynjagripanefnd fékk það verkefni.

Heimasíða mótsins er nú komin í fastar skorður og var hún sett í gang í janúar um leið og boðsbréf til félaganna var sent út og mótsmerkið tilbúið. Facebooksíða mótsins var einnig opnuð og allt sem fór inn á facebooksíðu mótsins var líka hægt að finna á öldungamótssíðunni og á blak.is.

Bolasala var rædd innan öldunganefndarinnar og kom sú hugmynd upp að í staðinn fyrir að hafa mótsbol til sölu að stofna til mótsbolakeppni. Fannst okkur þessi hugmynd strax heillandi. Mörg lið fara gjarnan í að láta búa til sína eigin boli fyrir öldungamótin sem partur af liðsstemmingu og því kom þessi hugmynd upp. Eina skilyrðið til þátttöku var að mótsmerkið væri sýnilegt á bolnum og að liðið sæist í bolunum á meðan á mótinu stæði, einnig að liðið sendi inn liðsmynd í mótsbolum sínum fyrir mótið. Óháð dómarnefnd var fengin til að dæma flottasta bolinn og vissi engin hverjir voru í þeirri nefnd. Það upplýsist hér með að það voru öldungar eða staðgenglar þeirra frá síðustu 3 mótum. Sem sagt frá KA, Þrótti Nes og Stjörnunni. Margir mjög skemmtilegir bolir litu dagsins ljós og setti þetta skemmtilegan svip á mótið.

Einnig var rætt í byrjun að mótsskráin væri eiginlega orðin barns síns tíma þar sem flestir væru með síma og fylgdust með sínum leikjum og annarra í gegnum þá. Ákveðið var samt að gefa út mótsskrá en þó í miklu minna upplagi en áður, þar sem hún hefur auglýsingargildi og auðveldara er að selja auglýsingar ef mótsskrá er gefin út. Rætt var um að gera smáforrit (app) mótsins og var það búið til en ekki náðist að nýta það eins og vonast var til og sérstaklega á android viðmóti. Apple viðmótið fór strax inn.

Dómgæslan: Í upphafi ræddum við mikið um dómgæsluna á öldungamótinu en dómgæslan á Stjórnustríði, mótinu 2016 var ekki ásættanleg og ekki búið að manna alla leiki fyrir mótið. Fréttir bárust af því að landsliðsfólkið okkar vildi ekki dæma því þetta væri svo illa borgað. Fórum við strax í þær þælingar að reyna að hækka greiðslu til þeirra. Var ákveðið að hækka mótsgjöldin upp í 43.000 kr eða um 3.000 kr frá fyrri áætlun. Beiðni fór til BLI um að þurfa ekki að greiða skatt til sambandsins af þeirri upphæð heldur af 40.000 kr þar sem við myndum greiða landsliðsfólkinu okkar hærri greiðslu við dómgæsluna. Það fékk ekki hljómgrunn og því var hafnað. Við ákváðum þó að halda okkar striki, hækkuðum mótsgjaldið um 3.000 kr og buðum landsliðum karla og kvenna að dæma á Mosöld 2017 og í stað 1.500 kr á leik fengu þau 2.500 kr á leik. Búið var til skjal með öllum völlum og öllum spilatímum alla dagana sem sett var inn á landsliðshópana og samtals voru um 80 manns sem sáu skjalið og gátu skráð sig í fjáröflun á þeim tíma sem þeim hentaði. Hefðu landsliðin getað safnað sér tæpar 1.200.000 króna með því að taka 450 leiki af 501. Því miður þá reyndist raunin önnur og tók landsliðsfólkið okkar ekki nema rúmlega 290 leiki svo það vantaði dómara á yfir 200 leiki.

Kvennalandslíðinu var einnig boðið að vera með pylsuvagn fyrir utan Varmá á meðan á lokahófinu stóð og mæltist það vel fyrir og gekk mjög vel.

Áður en mótið hófst var búið að manna alla leiki mótsins á skjali með fólki úr félaginu og öðrum sem voru til í að leggja hönd á plóginn til að þetta gengi upp ásamt því landsliðsfólki sem var tilbúið að dæma.

Mikil vonbrigði voru með þátttöku landsliðsfólksins okkar því mikil verkefni voru á döfinni og tíð ferðalög. Við bjuggumst við því að þau myndu stökkva á þessa fjáröflun. Spurningin er hvort BLI eigi ekki að taka af skarið þarna og skipa sitt fólk í fjáröflun vegna þessa verkefna. Milljón er jú góður aur og ekki kippt upp af götunni. Þetta er nálgun sem þarf að ræða því mótið er orðið svo stórt og erfitt að manna svo marga leiki þar sem verið er að spila á 12-14 völlum samtímis í allt að 14 klst í 2 daga samfleytt.

BLI skipaði eftirlitsdómara reglum samkvæmt og voru það Zdravko Demeriev og Árni Jón Eggertsson og höfðu þeir þetta að segja eftir mótið:

“Sumir dæmdu leiki og aðrir biðu eftir að boltinn færi í gólfið og dæmu þá, alveg sama hvað var í gangi á vellinum, mok, tvíslag, net eða yfirstig. Það finnst mér ekki alveg rétt og hefði mátt vera sett lína, þar sem tæknilega lakari lið græddu augljóslega á þessu. Það var þar af leiðandi of mikill munur á einstaka dómurum sem voru þó að dæma innan sömu deilda. Það gat því mögulega snúið við úrslitum leikja þetta fálæti á einhverjum tíma og get ég nefnt a.m.k. tvo leiki sem ég sá nokkuð af, sem hefðu farið allt öðruvísi hefði dómgæsla verið samræmdari. Einnig kom það á óvart, en ekki þó mikið, að þeir sem spila með landsliði og í úrvalsdeild hér, virðast ekki kunna allar reglurnar. Þeir áttu það líka til að láta leikmenn stjórna dómum og viðbrögðum.

Heilt yfir hefði verið gott að setja línu yfir alla dómara og tryggja að þekking sé til staðar. Getum tekið það með okkur á næsta öldung.

Það var rosalega misjafnt en eitt sem var mjög augljóst að oftast voru leikmenn með hærri kröfur heldur en dómara.

Þetta með að landsliðsleikmenn þekki ekki reglurnar er ekkert nýtt. Ég held að það yrði mjög gott fyrir þau að fara á stutt námskeið í vegum BLI. Í staðinn fyrir eina æfingu til dæmis.”

Við niðurröðun dómara á leiki þá var það skipulagt þannig að t.d. ungir leikmenn bæði úr landsliðunum og félaginu þurftu ekki að dæma í karladeildum eða efri deildum. Karlmennt dæmdu á karlavöllum nema

dómarar væru með reynslu. Engar alvarlegar kvartanir komu frá dómurum varðandi hegðun leikmanna og var það framför frá árinu áður og má rekja það til niðurröðun á leikina. Landsliðsfólki var gert að dæma í efstu deildunum nema þeim sem alls ekki treystu sér í það.

Starfsmannabólir: Ákveðið var að fá starfsmannaboli á okkar fólk. Þeir sem voru á vakt hverju sinni frá okkur gengu um í starfsmannabolum þannig að ef eitthvað kom upp á þá var alltaf hægt að snúa sér til þeirra enda merktir: STARFSMENN og með logo mótsins á bolnum. Þetta gafst mjög vel og stytti boðleiðir til öldungs eða í stjórnstöð.

Öldungagæping Mosaldar 2017: Sjá fundargerð öldungagæpinga sem fylgir með og þær breytingar sem þar voru gerðar.

Uppgjör Mosaldar og skipting hugsanlegs hagnaðar innan Blakdeildar Aftureldingar:

Horft var til hvernig önnur félög sem hafa sams konar samsetningu á sínum deildum og við höfum, hafa hagað sínum hagnaði. Strax í upphafi er mikilvægt að ræða hugsanlegan hagnað til að forðast árekstur seinna meir. Ákveðið var að fara KA-leiðina, og var hagnaðinum skipt þannig að úrvalsdeildarliðin og barna-og unglingaráð blakdeildar fengu 25% hvert af heildar ágóða og að öldungahópar innan deildarinnar fengju að hámarki 1.5.milljón. Hluti af hagnaði BUR fór í punktasofnun blakbarna sem unnu við undirbúning eða á mótinu, hvort sem við dómgæslu eða í veitingasölu. Foreldrar blakbarna söfnuðu einnig punktum fyrir sín börn. Þessi punktasofnun BUR nýtist börnunum upp í æfinagjöld og ferðalög á vegum blakdeildar. Hluti af hagnaði færi síðan í sameiginlegan sjóð þaðan sem áhöld og tæki yrðu fjármögnuð og myndu þannig nýtast öllum iðkendum.

Mosöld 2017 gekk mjög vel í alla staði og erum við mótshaldarar ánægð með framkvæmd mótsins og teljum okkur hafa haldið mjög gott mót og allt gengið upp. Veitingasalan í nýrri aðstöðu með því sem þar var á boðstólum sló í gegn og tókst okkur að skapa kaffihúsastemningu þar sem liðin gátu hist og spjallað og slakað á og fengið á tilfinninguna að þau hafi farið út úr íþróttahúsinu. Þessi aðstaða gerði það að verkum að fólk var líklega meira í húsinu og þar með jókst sala veitinga á mótinu miðað við upphaflega áætlun. Sjá skýrslu veitinganefndar.

Mótahaldið gekk allt eins og smurt þó að seinkanir kæmu upp á sem er óhjákvæmilegt. Til að reyna að koma í veg fyrir það þá var leiktíminn settur í 50 mín og deildum raðað saman á velli, efstu deildir inn á milli neðri deilda þannig að tíminn myndi jafnast út inn á milli sem oftast reyndist raunin. Lagt var upp með að úrslitleikir karla og kvenna yrðu spilaðir síðastir í salnum þar sem verðlaunaafhendingin væri og besta áhorfendaaðstaðan og gekk það allt eftir.

Verðlaunaafhendingin: Börn og unglingar í Blakdeild Aftureldingar aðstoðuðu við verðlaunaafhendinguna og gekk hún hratt og vel fyrir sig en þó fengu allir verðlaunahafar sinn tíma á pallinum fyrir myndatökur og fagnaðarlæti. Eftir á að hyggja hefði verið skemmtilegast að veita Öldungamótsmeisturum í 1.deild karla og kvenna sín verðlaun strax að loknum úrslitaleikjunum. Þá eru allir í húsinu ennþá og stemmingin ennþá í húsinu eftir leikina. Mæli ég með því að það verði gert í framtíðinni. 1.deild karla og kvenna tekin fyrst í beinu framhaldi af úrslitaleikjunum og svo koll af kolli niður deildirnar.

Blakdeild Aftureldingar er ánægð með útkomuna úr mótinu fjárhagslega séð einnig en þetta var mikil vinna sem stóð yfir í langan tíma og krafðist mikillar vinnu og skipulagningar fárra aðila eins og oft er. Margir sjálfboðaliðar komu að framkvæmd og Blakdeild Aftureldingar er mjög þakklát öllum þeim sem veittu aðstoð á einn eða annan hátt.

Við óskum KA velfarnaðar við undirbúning næsta móts og vonum að skýrsla Mosaldar 2017 komi að einhverju gagni við þann undirbúning sem og fleiri móta í framtíðinni.

Afrit af skýrslu þessari mun verða afhent á skrifstofu BLI, skrifstofu Aftureldingar, sett í Öldungamótskassann og einnig sent í rafrænu formi á Öldung 2018 ; Hannes Garðarsson

Með blakkveðju úr Mosfellsbænum.

Guðrún K Einarsdóttir

Öldungur 2017



Skýrsla mótsnefndar Mosaldar 2017

Mótsefnd

Guðrún K Einarasdóttir, Susanne Freuler, Steinn Einarsson, Antonio Bungal, Hannibal Ólafsson

Vellir og aðstaðan

Strax að hausti var farið í úttekt á þeim búnaði sem til var og hvað þyrfti að endurnýja og hvað við þyrftum að fá að láni, svo sem dómarastóla frá nágrannafélögunum og kunnum við þeim bestu þakkir fyrir lánið.

Strax var einnig ákveðið að kaupa stigamöppur þannig að félagið ætti 12 stigamöppur þar sem oft væri verið að spila á mörgum völlum á barna og unglingamótum. Það sem þurfti til láns þegar upp var staðið voru dómarastólar og net á einn völlum.

Að hausti fór mótanefnd í vinnu við að kanna aðstæður í nýbyggðu fimleikahúsi og hvernig möguleiki væri á að koma upp 2 völlum þar í viðbót við þá 9 sem voru í húsinu. Þar eru gryfjur sem þurfti að hylja til að jafna gólfið. Að endingu kom í ljós að ekki reyndist gjörlegt að hækka gólfið upp að gryfjuborði eða taka þau borð frá og því ákveðið að hafa einn völlum þar inni og fá aukasal á Reykjalundi í staðinn, en ljóst var að við þyrftum amk. 12 velli. Það aukarými sem var í fimleikasal var nýtt sem upphitunaraðstaða með bolta.

Fengum við að láni frá HK undirstöður þær sem notaðar voru í Kórnum á H-Karlinum til að setja upp völluminn í fimleikasalnum og fylltum við plasttunnur af vatni sem stóðu ofan á undirstöðufætinum til að halda netstöngunum stöðugum. Það gekk mjög vel og tókst að strekkja netið ágætlega. Við fengum blakdúkinn lánaðan frá BLI og settum hann á gólfið. Völlumurinn reyndist ágætlega og var notaður fyrir neðri kvennadeildir.

Á Stjörnustríði árinu áður mættu 158 lið til leiks og ljóst var að liðin yrðu ekki færri þetta árið og reyndist lokatalan vera 167 lið og voru allar deildir með 7 lið nema 6. deild karla A og B sem voru með 6 lið hvor deild og 10 A deild kvenna sem var með 8 lið en 10 B var þó með 7 lið. Frá Stjörnustríðsmótinu voru það 10 lið sem ekki skráðu sig (svo datt eitt lið til viðbótar út á síðustu stundu og var sett gestalið í staðinn til að rugla ekki aftur í allri uppsetningu) svo fjölgunin milli ára var því 19 ný lið og bæði karla – og kvennamegin.

501 leikur var spilaður á mótinu og þar af þurftu 94 leikir að vera á síðasta deginum. Þar sem þurfti að taka niður 6 velli vegna lokahófsins strax upp úr hádegi var það ljóst að við þyrftum einn völlum í viðbót ef við vildum leyfa öllum að mæta tímanlega á lokahófið. Við settum því upp einn völlum á Kjalarnesi síðasta daginn og síðasta keppnisdaginn var spilað á 13 völlum samtími

Niðurröðun

Meðfylgjandi er niðurröðun í deildir á Mosöld 2017. Verið var að breyta næstum því fram á síðasta dag niðurröðun vegna óska liða og var reynt að koma til móts við allar óskir sem bárust og mikil vinna lögð í það.

Við niðurröðun leikja var reynt að gæta réttlætis eins og hægt var og voru eftirfarandi atriði haft í huga:

- Liðum var raðað í deildir miðað við styrkleika frá síðasta öldungamóti og tilfærslur upp/niður um deild. Áætlaðir „úrslitaleikir“ í hverri deild voru settir á síðasta daginn sem síðustu leikir í hverri deild.
- Hver deild byrjar minnst einu sinni snemma að morgni (sumar deildir lenda tvisvar í því) og spilar einu sinni seint að kveldi.
- Þau lið sem spila seint um kvöldið byrja ekki snemma næsta morgun.
- Ekkert lið spilar 2 leiki í röð og allir hafa minnst einn leik í pásu eftir umsjón.
- Helst voru settir 3-4 leikir úr sömu deild í röð á sama völl til að gefa liðunum kost á að fylgjast með andstæðingunum.
- Ef lið þurfa að skipta um völl þarf að hafa minnst 2 leiki á milli út af seinkunum sem kunna að verða.
- Liðin spila 3-2-1/2-3-1 eða 2-2-2 leiki, nema það komi séróskir um annað.
- Öll liðin spila minnst einn leik á síðasta degi (=4 leikir fyrir hverja venjulega deild).
- Ekkert lið þarf að spila oftari en tvisvar á velli sem ekki er staðsettur að Varmá.
- Allar deildir fá að spila einhvern tímann í efri salnum með betri aðstöðu fyrir áhorfendur.
- Klára riðla sem þarf að uppfæra á góðum tíma dags svo liðin geta áttað sig á hvenær þau eiga næsta leik.
- Úrslitaleikir í 1.d kvk og kk eru síðustu leikir sem eru í gangi fyrir verðlaunaafhendingu og eru spilaðir þar sem er hægt að koma sem flestum áhorfendum fyrir.
- Ekkert lið frá gestgjafanum byrjar fyrr en í 3. leik um morguninn til að geta mannað allar umsjónir.

Mikilvægar niðurstöður eftir mótið:

- *Fjöldi valla*

Það hefðu ekki mátt vera færri velli. Spilað var frá kl. 8-22 á 11 völlum fyrsta daginn og á 12 völlum annan daginn og karladeildir voru látnar spila til kl.23. Þriðja daginn þurftum við 13 velli til að koma öllum leikjum fyrir og ná að klára fyrir lokahófsundirbúning og verðlaunaafhendinguna (kl. 8:00-15:30).

- *Leiktími 50 mínútu*

Þetta dugar vel fyrir karladeildir. Seinkunin fór sjaldnast fram yfir 30 mínútur og mjög oft voru leikir meira að segja á undan áætlun.

Hjá kvennadeildunum var seinkunin oftast á bilinu 20 mínútur til klukkutíma. Var reynt að vinna á móti þessari seinkun með því að láta efri og neðri deildir spila á sömu völlum til skiptis, en staðan í kvennablaki er bara orðin þannig að flestar deildir eru það vel spilandi að skorpurnar geta orðið ansi langar og margir leikir fara í odd. Einnig virtust fleiri leikir fara í odd eftir því sem leið á móti

Deildarskipting á Mosöld 2017

Karlar							
1 d kk	2 d kk	3 d kk	4 d kk	5d kk A	5 d kk B	6d kk A	6d kk B
HK Gullöld	Afturelding	Hamar	Álftanes	Blaklið Íslands	Fylkir V	Blakfélag Fjarðabyggðar	Bakhlið Íslands
Hrunamenn	Fylkir	MassaDjamm	Hamar B	HKarlarnir	HKarlar	Fram Afturelding	BF B
KA	Hyrnan A - BF A	Rimar A	ÍFB	ÍS B	Huginn	Haukar Karlar	BLAFF, Blakfélag Fjarðab
Massablak	ÍS A	Skellur	Laugdælir	Leiknir Fásk	KA-L	Snörtur FC Partý-team	Haukar – A
Stjarnan	KA '96	Snörtur gamla	Rimar Á	París Austursins	Óðinn/Skautar	Umf. Efling	Húnar
Þróttur N	KA Ö	Verkís	Sindri	POLSKA	Öllarar	Völsungur classic	Þrumukettir
Þróttur R. 2	Snörtur	Völsungur	Þróttur N b	Snörtur FC 8	Þór-arinn		
Konur							
1d kvk	2d kvk	3d kvk	4d kvk	5 d kvk A	5d kvk B	6d kvk A	6d kvk B
Afturelding 1	Álftanes A	Fylkir A	Bresi A	HK-Gyðjur	Afturelding 2	Gróttá	Afturelding 3
HK A	HK Utd 1	Hamar	HK-Wunderblak A	HK-Gyðjurnar	Álftanes B	Hrunamenn 1	Birnur
SKUTLUR-EIK	Höttur	ÍK A	Fylkir b	Lansinn a	Bresi B	KA Feyjur B	Dalalæður
Stjarnan A	ÍS	Krækjur A	HK Utd 2	Laugdælur	HK Classic	Lansinn b	ÍK B
Völsungur A	KA Freyjur A	Rimar A	Dímon-Hekla	Rimar B	Honey Bees	Stjarnan C	Skautar B
Þróttur N 1	Skautar A	Stjarnan B	Súlur 1 - BF 1	Sindri	Krákurnar	Súlur 2 - BF 2	Þróttur N 2
Þróttur R 1	UMFG	Völsungur B	Völsungur	Skellur	SKUTLUR EIK b	Völsungur D	Þróttur R 2

7d kvk A	7d kvk B	8kvk B	9d kvk A	9d kvk B	10d kvk A	10d kvk B
HK Leðurblökur	Dímon- Hekla 2	Gróttta B	Álkur A	Bjarkir	Áhorfendur	Afturelding töff
HK- Wunderblak B	Fylkir C	Krákurnar C	Bresi C	Fjaðrir 2	Bryðjur	Álkur 2
Höttur b	Hamar B	Mývetningur	HK Dýfur	Haukar a	Haukar C	Bresi D
ÍBV	Keflavík Keli	Stjarnan Ytri fegurð	HK Flickor	Haukar b	Stellur G	FRAM
Krækjur B	Leiknir Fáskrúðsfirði	Súlur 3 - BF 3	Hvannir	HK Blökur		Haukar E
SKUTLUR EIK c	Skautar C	Víkingur R A	Leiknir B	HK- Wunderblak C	Bjarkir B	Stellur Á
Valur	UMFG B	Völsungur E	Valur b	Reynir Hellissandi	Gróttta 2	Víkingur R B
					Haukar D	
					Skellur 2	



Auglýsingar- og fjármögnunarnefnd

Formaður nefndarinnar var Grétar Eggertsson og komu ýmsir aðilar að verkefninu.

Leitað var til flestra aðila sem æfa og spila með Blakdeild Aftureldingar til þess að hafa samband við fyrirtæki og á þann hátt að ná inn auglýsingum og styrkjum fyrir Mosöld 2017. Styrktaraðili hafði val um nokkrar nálganir

- Kaupa keppnisvöll – Keppnisvöllur ber nafn fyrirtækis og auglýsinga frá fyrirtækinu á þeim velli.
- Auglýsing í mótaskrá
- Auglýsing á heimasíðu mótsins
- Styrkir án auglýsinga
 - Það eru alltaf einhver fyrirtæki sem vilja styrkja málefnið en vilja ekki vera sýnilegir.
- Auglýsing í appi mótsins
 - Þessi nálgun gekk ekki upp vegna tæknilegra örðugleika, en er góð nálgun ef vinna við gerð apps er tímanlega.

Settar voru fram tímasetningar um lokaskil á auglýsingum og sölu og þá var sérstaklega hugsað til þess vegna útgáfu mótaskrár. Varðandi sölu á velli að þá stóð sala á þeim fram til síðasta dags. Útbúið var markaðsefni sem aðilar innan Blakdeildar Aftureldingar höfðu aðgang að og gátu sent til þeirra fyrirtækja sem þau höfðu tengsl við. Með þessu móti var einfalt að koma erindinu á framfæri. Um tvennskonar bréf var að ræða:

- Styrkbeiðni
- Auglýsingasamningur

- Afrit af bréfum er neðst í skýrslunni.

Helstu styrktaraðilar mótsins, þeir aðilar sem styrktu mótið með t.d. matarstyrkjum vegna auglýsingasölu á mótinu, fengu í staðinn keppnisvöll með sínu nafni.

Nokkur fyrirtæki höfðu áhuga á að vera með varning til sölu á mótinu og var farin sú leið að aðilar borguðu aðstöðugjald og fór það gjald eftir viðverutíma.

Afrit af markaðsefni:

Mosöld 2017 - Öldungamót í blaki

Styrkbeiðni

42. öldungamót í blaki verður haldið í Mosfellsbæ dagana 28.-30. apríl 2017 en fyrsta mótið var haldið í Reykjavík 1975. Síðast var mótið haldið í Mosfellsbæ 2010 og tókst það í alla staði mjög vel. Reikna má með þátttöku 150 liða af öllu landinu og verða þetta um 1.500 keppendur, þjálfarar og aðrir aðstoðarmenn sem munu koma í Mosfellsbæinn.

Það er Blakdeild Aftureldingar sem er gestgjafi og ber ábyrgð á umgjörð mótsins og venju samkvæmt verður mikið um dýrðir.

Blakdeild Aftureldingar leitar því nú eftir stuðningi þíns fyrirtækis við verkefnið og ljóst er að markhópurinn er góður en til að taka þátt í mótinu þá verður keppandi að vera orðin 30 ára.

Í boði eru auglýsingar í mótaskrá og einnig verður hægt að kaupa keppnisvelli. Með kaupum á keppnisvelli þá mun völlurinn bera nafn fyrirtækis eða þeirrar vöru sem fyrirtækið vill nota sem auglýsingarvöru. Leikið verður á 11 völlum.

Verð fyrir keppnisvelli, auglýsingar og styrktarlínur er eftirfarandi:

- | | |
|--|------------|
| 1. Keppnisvöllur og 1/1 síða í mótaskrákr. | 200.000 |
| 2. 1/1 síða í mótaskrá | kr. 65.000 |
| 3. 1/2 síða í mótaskrá | kr. 35.000 |
| 4. Styrktarlína m/logo í mótaskrá | kr. 15.000 |
| 5. Styrktarlína í mótaskrá | kr. 10.000 |

Við kaup á keppnisvelli og heilsíðu er innifalið birting logo fyrirtækis á www.bli.is/oldungamot

Mosöld 2017 - App

Á Mosöld 2017 verður tilbúið app þar sem helstu upplýsingar um mótið, viðburði og annað sem gerist á mótinu birtast. Markmiðið er að bjóða styrktaraðilum auglýsingar möguleika og þeir aðilar sem eru áhugasamir um þessa nálgun eru beðnir að hafa samband við undirritaðan. Haft verður síðan samband við áhugasama aðila um leið og appið verður tilbúið.

Með von um jákvæðar undirtektir

F.h. Blakdeildar Aftureldingar

Grétar Eggertsson

t-póstur: geggerts@gmail.com / Sími: 669-716

Auglýsingasamningur

vegna 42. Öldungamóts Blaksambands Íslands í Mosfellsbæ dagana 28.-30. apríl 2017.

Nafn: _____ Kennitala: _____

Heimili: _____ Póstnr.: _____

Staður: _____ Sími: _____

Tengiliður: _____ Netfang: _____

Tegund auglýsingar

- | | | | |
|--------------------------|---------------------------------------|-----|----------------|
| ☐ | <u>Völlur + 1/1 síða í mótaskrá</u> | Kr. | <u>200.000</u> |
| ☐ | <u>1/1 síða í mótaskrá</u> | Kr. | <u>65.000</u> |
| ☐ | <u>1/2 síða í mótaskrá</u> | Kr. | <u>35.000</u> |
| ☐ | <u>Styrktarlína m/logo í mótaskrá</u> | Kr. | <u>15.000</u> |
| ☐ | <u>Styrktarlína í mótaskrá</u> | Kr. | <u>10.000</u> |

Greiðslutilhögun:

- ☐ Greiðist með greiðsluseðli á gjalddaga 1. mars 2017
- ☐ Greiðist með greiðsluseðli á gjalddaga 1. apríl 2017

Sendur verður greiðsluseðill með þeim gjalddaga sem óskað er eftir.

Útlit og afhending auglýsinga er á ábyrgð kaupanda. Auglýsingum skal skilað á netfangið mosold2017auglysingar@gmail.com fyrir 5. apríl 2017

Allra styrktaraðila verður getið á heimasíðu mótsins www.mosold.is sem áætlað er að verði tilbúin í febrúar 2017.

Staður og dagsetning

F.h. kaupanda

f.h. Blakdeildar Aftureldingar



Gistinefnd

Formaður : Guðrún Sveinsdóttir

Eygerður Helgadóttir sat einnig í nefndinni.

Byrjað var á að auglýsa í bæjarblaðinu eftir íbúðum/húsum í Mosfellsbæ (eða nágrenni) til leigu fyrir keppendur.

Það voru ágætis viðbrögð við auglýsingunni og á endanum voru 18 hús í boði í alls kyns stærðum og gerðum sem hentuðu fyrir eitt lið og upp í 5 lið.

Við settum þessi hús inn á Mosaldarsíðuna og ákváðum við að vera ekki milligönguaðilar, þannig að keppendur sömdu beint við húseigendur.

Við settum samt upp viðmiðunarverð fyrir húseigendur til að auðvelda og samræma markaðinn, eða 25 þús fyrir 4 nætur (uppábúið) en gátum að sjálfsögðu ekki sagt eða skipað fólki að fara eftir því 100%

Enda kom það í ljós að þeir sem ætluðu að græða á keppendum gátu alls ekki leigt húsnæðið sitt.

Einnig var í boði að gista í Varmárskóla og kaupa morgunmat þar, og kostaði nóttin þar 2500 kr og voru 96 keppendur sem nýttu sér að vera þar



Ritnefnd Mosaldar 2017

Formaður: Hafdís H Björnsdóttir,
Velina Apostolova,
Mundína Ásdís Kristinsdóttir,
Ása Dagný Gunnarsdóttir
Fjóla Rut Svavarsdóttir.

Verkefni ritnefndar var að hafa umsjón með mótsskrá Mosaldar 2017.

Fyrsti fundur var haldinn í mars, þar sem skoðaðar voru gamlar mótaskrár til að fá hugmyndir og var ákveðið strax að hafa mótsskrána með sama útlit og mótsskrá Mosaldar 2010, þ.e. í stærð A5 og með útliti Mosfellings sem er bæjarblaðið okkar.

Þar sem oft var erfitt að finna fundartíma sem hentaði öllum þá var tæknin nýtt og við stofnuðum lokaðan facebook hóp þar sem við skiptumst á skoðunum og bárum upp hugmyndir.

Forsíðumyndin er af öllum hópum eldri iðkenda hjá Aftureldingu ásamt myndum af meistaraflokki kvenna og karla í úrslitaleikjum bikarkeppninnar í Laugardalshöll.

Velina Apostolova sá um alla uppsetningu á mótsskránni sem var prentuð hjá Leturprent.



Skýrsla veitinganefndar

Veitinganefnd var skipuð eftirtöldum aðilum

Formaður: Finnur Ingimarsson

Pórey Björg Einarsdóttir

Einar Friðgeir Björnsson

Jórunn Edda Hafsteinsdóttir

Guðrún Sveinsdóttir

Hafdís Björnsdóttir

Fyrsti fundur veitinganefndar var haldinn 2. febrúar 2017. Fyrsta verk var að skoða fyrirhugaða aðstöðu veitingatorgs og ákveðið að staðsetja hana í nýjum sal fyrir bardagaíþróttir í íþróttahúsinu að Varmá. Kostir aðstöðunnar eru að þetta er bjartur og rúmgóður salur en upp í hann er ein og hálf hæð, engin lyfta en stigi. Það hjálpaði mikið til að beint út úr salnum er neyðarútgangur með breiðum stiga og stigapalli þar sem öll aðföng, kælar og önnur tæki voru því hífð með kranabíl upp á pallinn og komið inn um þennan útgang. Ákveðið var að koma upp sjálfsafgreiðslulínu með opnum kælum þannig að fólk gæti afgreitt sig sjálft og kæmi svo að kassa til að greiða. Eins var minni veitingasala niðri í fatahenginu, þar sem fólk gat gripið með sér drykki, ávexti, samlokur og sætindi. Þetta mæltist mjög vel fyrir hjá keppendum mótsins.

Ákveðið var að bjóða uppá samlokur, pylsur, pizzur, mjólkurvörur, kaffi, gos og orkudrykki. Einnig var útbúin súpa sem boðið var uppá í potti er heldur hita á súpunni. Fljótlega kom upp sú hugmynd að hafa pastaborð þar sem boðið var uppá kalt pasta, hreint og með pestói, túnfisk, kjúklingastrimlum, maísbaunum, eggjum og salati; blandað lambhagasalat, kínakál og spínat. Þá var einnig boðið uppá ávexti. Í gegnum fyrirtækin Verslunartækni, Mjólkursamsöluna og Vífilfell fengum við kæla, samlokugrill, rúllugrill fyrir pylsur, og pastaborð sem þurfti til að setja upp línuna. Kaffi og kaffivélar fengum við hjá Te og Kaffi. Þá var einnig ákveðið að vera með pizzur og fengum við ofn til að hita þær í. Við fengum Kjörís til að koma með kistu af ís og þá var gerður samningur við Mosfellsbakarí þar sem hægt var að nálgast ný brauð á hverjum morgni sem boðið var uppá bæði til að útbúa samlokur, með súpunni og í morgunmat sem boðið var uppá fyrir þá sem þáðu gistingu í Varmárskóla. Aðgangur að eldhúsi mötuneytisins í Varmárskóla gerði okkur kleift að vinna allt þaðan t.d skera grænmeti, sjóða pasta, egg, útbúa súpu og hafragraut í morgunmatinn.

Í undirbúningi fyrir innkaup var stuðst við sölutölur út fyrri skýrslum mótshaldara, einkum frá KA og Tjöldungi, annars eru upplýsingar um innkaup og sölu frekar rýrar í skýrslum um öldungamótin. Við renndum alveg blint í sjóinn með magnið í pastaborðið og var margt sem hjálpaðist að við að setja innkaup algjörlega í vaskinn, allt sem keypt var inn fyrir helgina var uppselt rétt eftir hádegi á föstudeginum í pastaborðið. Fjölbreytni þess sem í boði var, aðgengi í gegn um sjálfsafgreiðsluna og að afgreiðslan gekk hratt og vel þó margir kæmu í veitingatorgið í einu. Þá var veðrið afar leiðinlegt, það rigndi stanslaust fimmtudag og föstudag. Það fór því mikil vinna í að sækja frekari birgðir til að fylla á. Áfram vorum við í nokkurri óvissu með hversu mikið mundi seljast og vildum við ekki sitja uppi með óseldar birgðir. Allt seldist og því voru þetta endurteknar ferðir til að sækja það sem vantaði. Þar sem stutt var í kjörbúðir sem opnar voru um helgina og tókst að redda öllu sem þurfti í réttu magni þannig að því sem skila þurfti var í algjöru lágmarki. Það er okkar mat að þessi uppsetning á veitingasölunni hafi slegið í gegn og var mikil ánægja með þetta nýja fyrirkomulag á veitingatorgi. Dúkalögð borð og stólar voru fyrir hátt í 200 manns.

Við notuðum spjalddölvur í afgreiðsluna þar sem búið var að hlaða inn Countr appinu og mata það á því sem var í boði og hvað það kostaði. Það flýtti allri afgreiðslu og auðvelt fyrir unglingana að finna hverja vöru fyrir sig og þurftu ekki að reikna neitt saman. Upphaflega ætluðum við að nýta það sem birgðarhald líka en horfið var frá því þar sem það var töluverð vinna að setja það upp og við vorum í tímaþröng.

Við vorum í nokkuð góðum málum með að manna vaktir í veitingasölunni, þar sem iðkendur í krakkablakinu og foreldrar þeirra stóðu flestar vaktir. Það voru fjórir á vakt í byrjun dags en svo voru sex til átta á vakt uppi í einu sem veitti ekki af og auk þess alltaf tveir á vakt niðri. Svo það þurfti þó nokkurn mannskap á vaktir og voru vaktir frá kl.7-23 föstudag og laugardag og til kl.17 á sunnudag. Eins voru foreldrar duglegir við að baka það sem þurfti. Iðkendur unnu sér að sjálfsögðu inn punkta með vinnu sinni sem gaf víska upphæð til að nota upp í æfingagjöld og keppnisferðir.

Að auki var boðið uppá skólastofur í Varmáarskóla og hafði veitinganefnd þá gistingu á sinni könnu. Eins og að framan greinir var þeim sem þáðu gistingu boðið uppá morgunmat, súrmjólk, mjólk, Cherios, nýtt brauð úr Mosfellsbakaríi, álegg og hafragraut. Lið frá sjö félögum þáðu þessa gistingu, alls 96 manns, gist var í ellefu stofum.

Hér að neðan er tafla yfir það sem var í boði og hversu mikið fór af hverju.

Vörur	fj í pakka	fjöldi pakkninga
Coke 0.5L PET	18 í pakka	20 pkn
Coke Light 0.5L PET	12 í pakka	17 pkn
Fanta 0.5L	12 í pakka	12 pkn
Toppur-sítrónu 0.5 L PET	12 í pakka	29 pkn
Blár toppur 0.5	12 í pakka	20 pkn
Toppur Skógarberja 0.5	12 í pakka	12 pkn
Aquarius 0.5 líter Pet	12 í pakka	25 pkn
Powerade Mountainblast 0,5L PET	12 í pakka	35 pkn
Powerade Cherry 0.5L PET	12 í pakka	25 pkn
Trópi Appelsínu án aldinkjöts 0.25L 3pk	8 í pakka	14 kassar
Hleðsla íþróttadrykkur tvær bragðtegundir 250 ml 8 stk.	8 í pakka	14 pakkningar
Hleðsla íþróttadrykkur tvær bragðtegundir 250 ml 8 stk.	8 í pakka	14 pakkningar
Hleðsla íþróttadrykkur súkkulaði 250 ml 24 stk.	24 í pakka	6 pakkningar
Skyrdrykkir	24 í pakka	10 pakkningar
Kókómjólk	8 í pakka	8 pakkningar
Ostur	300 í pakka	2 pakkningar
Léttmjólk	10 í pakka	6 pakkningar
Súrmjólk	10 í pakka	5 pakkningar
Smjörvi 400gr		14 öskjur

Rjómi í súpu og með vöfflum	10 í pakka	1 pakkningar
Nýmjólk	10 í pakka	4 pakkningar
SS hangiálegg 400 sneiðar		400 sneiðar
Skinka		18 pakkningar
Pylsur	10 í pakka	30 pakkningar
Pylsubrauð	5 í pakka	60 pakkningar
Mosfellsbakarí rúnstykki	3*70	210
Mosfellsbakarí, brauð 3 gerðir	3*15	45
Mosfellsbakarí, samlokubrauð	3*10	30
Mosfellsbakarí, snittubrauð	2*5	10
Mosfellsbakarí, skúffukaka	3+2	5
Kjörís 4 gerðir	20*8	160
Prins Póló		10 kassar
Lakkrís stykki Núi Sírús		3 kassar
Nóa Kropp stykki Núi Sírús		3 kassar
Þristur litlir		20 pokar
Nature Valley orkustykki		300 stk
Te og Kaffi/Innnes		25 kg
HP flatkökur	10*10	100
Heimabakstur	Hafrakökur	ca 540 stk
Heimabakstur	pönnukökur	ca 1000 stk
Heimabakstur	döðlugott 27 plötur	Ca 1500 stk (niðurskorin



Lokahófs- og skemmtinefndar

Formaður: Þórey Björg Einarsdóttir

Aðrir nefndarmenn: Einar Friðgeir Björnsson, Birna Sævarsdóttir, Berglind Valdimarsdóttir og Heidi Didriksen

Verkefni nefndarinnar var að skipuleggja lokahófið frá a-ö:

Fá tilboð í veitingar, mat og drykki.

Leita tilboða hjá skemmtikröftum/hljómsveit og einhverjum til að stýra fjöldasöng, sem og tækni- og ljósamönnum.

Útbúa teikningu af íþróttasalnum fyrir skemmtanaleyfi.

Útvega skemmtana/áfengisleyfi. urftum að redda gólfplötum/gólfdukk á dansgólfið.

Sjá til að nóg sé af salernum (jafnvel leigja kamra)

Fatahengi.

Funda með rafvirkja vegna notkunar rafmagns í salnum.

Útvega stóla og borð og flutning á þeim.

Ákveða skreytingar í salnum - versla í það.

Ákveða miðaverð miðað við áætlaðan fjölda.

Merkja fyrir borðum á gólfi salarins, eftir teikningu sem slökkviliðið fékk.

Útvega dyragæslu og þrif á húsinu eftir hóf.

Útvega fólk í uppsetningu og frágang á salnum.

Hanna eða láta hanna lokahófsmiðann.

Gera playlista til að spila við borðhald og í pásam hljómsveitar.

Finna til lagalista fyrir fjöldasöng-varpað á skjá.

Gera verðlista fyrir barinn.

Útvega fólk í vinnu á barinn.

Auglýsa lokahófið-póster.

Halda utan um pantanir og greiðslur á miðum og forsölu á víni.

Niðurröðun liða á borðin-merkja borð.

Panta klaka á barinn.

Redda kaffikönnum/kaffi/málum.

Funda með skemmtistöðum bæjarins vegna skemmtikvölda á Mosöld og auglýsa viðburðinn.

SKÝRSLA LOKAHÓFS/SKEMMTINEFNDAR MOSALDAR 2017

Í lokahófsnefnd sátu fjórar konur úr blakliði Aftureldingar og einn faðir blakstúlkna. Ein móðir dró sig úr nefndinni. Nefndin fundaði fyrst í október, en þá var formaður Blakdeildar Aftureldingar þegar búinn að undirstinga viðburðarfyrirtækið Promo, með að útvega góða hljómsveit, tæknimenn, ljósamenn, svið og sviðsbúnað svo það væri búið að taka helgina frá. Átti þá aðeins eftir að raða söngvurum í hljómsveitina og urðu fyrir valinu Magni Ásgeirs og Matti Matt enda vanir menn og alltaf stuð þar sem þeir eru.

Fyrstu verkefnin voru svo að fá tilboð í veitingarnar og var ákveðið að taka tilboði Lauga-ás sem einnig var með veitingarnar á Stjörnustríði, þar sem góður rómur var gerður að mat og þjónustu. Hann var líka mjög sanngjarn í verði. Hann gat einnig útvegað okkur 1000 stóla sem fylgdu tilboðinu. Borðin voru svo leigð.

Nefndarstörf komust á almennilegt skrið í lok janúar varðandi vinnu að öðru sem snéri að hófinu og skemmtanalífinu dagana á undan. Fundað var með vertum á Hvíta Riddaranum og Hlégarði og þeir hvattir til að bjóða upp á skemmtikvöld og tilboð á mat. Sátum einnig fund með nefndarmanni úr þorablótsnefnd Aftureldingar þar sem þeir voru nýbúnir að halda stórt hóf í salnum, svona upp á praktísk atriði og var mikil hjálp í því, enda við nýgræðingar í slíku skipulagi og ekki nægilega góðar upplýsingar eftir síðasta lokahóf Aftureldingar til að styðjast við.

Fljótlega var farið í að skoða hvernig skreyta ætti salinn og horft til þess að geta pantað af Aliexpress sérur ofl. Eins var gengið strax í að biðja framkvæmdastjóra Aftureldingar að útvega þau leyfi sem þurftu fyrir skemmtanahaldinu. Eins þurftum við að redda teikningu af salnum eins og hann yrði, fyrir slökkviliðið að styðjast við.

Semja þurfti við dyravörsluaðila, ræstingafyrirtæki og svo buðum við deildum innan Aftureldingar vinnu við uppsetningu og frágang salarins og vinnu á barnum. Við tókum svo allt vín hjá Ölgerðinni sem var með betra tilboð en Vífilfell. Þau hjálpuðu okkur að ákveða magn en við fengum að hafa lokaorðið, sem þýddi að skila þurfti alltof miklu magni og eins var slatti sem var búið að opna, eða skemma kassana undan, sem ekki var hægt að skila. Fengum líka kæla hjá þeim. Pöntuðum svo klaka (ís) hjá Ísmanninum og pöntuðum við 100 lítra, en hefði mátt vera meira.

Hanna þurfti lokahófsmiðann og poster auglýsingu og var það Fjola í úrvalsdeildarliðinu okkar sem gerði það. Við ákváðum að selja fyrirfram léttvín, "rútur" af bjór og summersby og höfðum við forsöluverðið lægra en á hófinu sjálfu til að hvetja fólk til að kaupa fyrirfram enda flýtir það talsvert fyrir allri afgreiðslu rétt fyrir matinn. Forsölunni lauk 6 dögum fyrir lokahófið

Við vorum með forsölu á lokahófsmiðum og voru þeir seldir á 1000 kr lægra verði fram til 14. apríl eða 8500 kr (hófið var þann 30. apríl). Mjög mikil eftirspurn var eftir lokahófsmiðum fram á síðasta dag, en uppselt var á lokahófið viku fyrr! Við gátum aðeins tekið við 1000 manns í húsið eins og búið var að ákveða uppsetninguna og fá leyfi fyrir, en það þarf að skoðast betur næst, að bæta við sætum og opna betur salinn. Mælum með að liðin borgi alla miðana í einu, þó alltaf séu einn og einn að bætast við, til að auðvelda afstemmingu og röðun í sæti. Eins ef fólk vill selja einhverjum sinn miða, þegar sölu er lokið og sérstaklega síðasta daginn þegar búið er að raða í sætin, þá þarf viðkomandi að sitja hjá því liði sem hann kaupir miðann af. Annað er of mikið pússluspil. Það fóru ca 6 góðir klukkutímar í að skipuleggja í sæti, þar sem oft þurfti að raða aftur vegna breytinga. Því er best að raða ekki á borðin fyrr en sölu á hófið er alveg lokið. Þar sem einungis var skemmtanaleyfi fyrir 1000 manns var ekki hægt að selja bara inn á ballið.

Taka skal fram að slökkviliðið var mjög strangt á að salurinn væri algerlega eins og teikningin og ekki mátti skeika sentimeter!! Þeir gerðu athugasemdir alveg þar til korter var í opnun hússins. Passa þarf að það séu exit ljós sem lýsa leið að útgönguleiðum.

Við vorum svo með veitingavagn fyrir utan eftir kl.23 sem seldi pylsur og gos sem fjáröflun fyrir kvennalandsliðskonur sem það vildu. Það var mjög vinsælt hjá mörgum að gæða sér á einni með öllu eftir dansiballið.

Lokahófsnefnd fékk einnig það verkefni að skipuleggja skemmtanahald á föstudags og laugardagskvöldinu. Á föstudagskvöldinu, eftir öldungabætur var trúbadorinn Hlynur Ben í Hlégarði, en þar sem fáir voru mættir á miðnætti var ákveðið að loka þar. Þá var hinsvegar stuð á Hvíta Riddaranum þar sem fólk kom saman. Á laugardagskvöldinu var Sverrir Bergmann og Albatros í Hlégarði og Eypór Ingi og Tommi Tømm á Hvíta Riddaranum og var vel mætt á þá viðburði. Eins var Hlégarður með hlaðborð föstudags- og laugardagskvöld sem seldist eitthvað á.

Innkaup Mosöld 2017				
Heiti	Magn sem fór í stk	Magn sem var skilað	Keypt	
Tuborg Green 33 cl dós	680	52x10	120x10	Bara dósir
Tuborg classic 33 cl.dós	1120	8x10	120x10	Bara dósir
summersby apple	216	27x24	36x24	Bara dósir
summersby blackberry	264	25x24	36x24	Bara dósir
Romm 700ml	3(í raun 2,ein opnuð)	9x700ml	12x700ml	

Vodki 1000ml	8	16x1000ml	24x1000	
Gin 1000ml	11	13x1000ml	24x1000	
Koníak 1000ml	2 glös ca	2x1000ml	3x1000ml	
Baileys 1000ml	ca 1/2fl.hinar opnar	3x1000ml	6x1000ml	
Tópas	230	730x50ml	960x50ml	Litlar flöskur
Ópal	186	774x50ml	960x50ml	Litlar flöskur
Mamma Piccini rosso di toscana-rauðv	192	42	234	84 í forsölu
Mamma Piccini bianco di toscana-hvítv	108	36	144	54 í forsölu
Gos/bland/vatn				
Tuborg glös		1190	2240	Bjór
Duni einnota vínglas 18,5cl		330	450	Koníak,baileys
Duni einnota vínglas 24cl		1880	2000	röng sending
Plastglös 35cl RV		850	2000	Longdrink
Pure Icelandic 0.5 L	48	144	192	
Coke 2.0L PET	24	36	60	
Tonic Water 2.0 lítrar	36	24	60	
Sprite 2.0 lítrar	24	36	60	
Burn Orginal 355ml	120	120	240	
Pure Icelandic 1.5	100	0	100	Með matnum

VERÐ Á MOSÖLD, FORSALA VS BAR	
Forsala á bjór, Somersby og léttvíni til 25. apríl	Á barnum

Tuborg Green 0,33L 10 í KS 4000 KR	5000
Tuborg Classic 33cl 10 Í KS 4000 KR	5000
Somersby Apple 33cl 6 pack 3000 KR	4000
Somersby Blackberry 33cl 6 pack 3000 KR	4000
Mamma Piccini rosso di toscana 3000 KR	4000
Mamma Piccini bianco di toscana 3000 KR	4000

Verð	Okkar verð	Rúta/10 stk	Skammtar í fl	
Tuborg Green 33 cl dós	600	5000		
Tuborg classic 33 cl.dós	600	5000		
summersby/sambærilegt	800	4000		
summersby-önnur bragðt	800	4000		
Romm 700ml	1500/2200		24	einfaldur/tvöfaldur
Vodki 1000ml	1500/2200		30	einfaldur/tvöfaldur
Gin 1000ml	1500/2200		30	einfaldur/tvöfaldur
Koníak 1000ml	1600/2500		30	
Baileys 1000ml	1000/1700		30	einfaldur/tvöfaldur
Tópas/sambærilegt	1300		er stærri ein einf.	
Léttvín				
Mamma Piccini rosso di toscana	3000/4000			seinna er barverð
Mamma Piccini bianco di toscana	3000/4000			seinna er barverð



Öldungarþing Mosaldar 2017

Hlégarði 28. apríl 2017

Fundargerð

Fundarritari: Svandís Þorsteinsdóttir

a. Kynning síðasta mótshaldara á framkvæmd mótsins og ráðstöfun ágóða

Fulltrúi Stjörnunnar

i. Brynja kynnir starfið á stjörnustríðs mótinu frá 2016. Voru í samstarfi við

Álftanes þeir sáu um sín hús og spilað var á 13 völlum.

Skiptingin var 40 % í barnastarf og 25 og 25 á milli kvenna og karla og 10 í aðra liði.

b. Kosning Öldungs næsta Öldungamóts

Fulltrúar þeirra sem sækja um í starfrófsröð félaganna

1. HK – Öldungur Ásta Sigrún Gylfadóttir

Björg kynnir HK.

Tímasetningin er 28-30 apríl. Fyrirkomulagið verður með sama fyrirkomulagi og var 2013. Spilað í Kórnum og Fagralundi og síðan á gerfigrasinu í

Lokahófið er hugað á að hafa í Kórnum Félagsheimilinu og djammið á kvöldin.

ii. KA – Öldungur Hannes Garðarsson

Metnaður í að halda öldung á Akureyri og þeir vilja standa undir væntingum sem gerðar eru. Ný lið hafa litið dagsins ljós úr nýliðastarfi þeirra. Þeir fagna því að fá nýtt blóð og vilja byggja upp barnastarfið áfram.

Þeir vilja nýta sér Bogann og Ka heimilið, jafnvel Síðuskóla og Giljaskóla. Hugmyndi er að nýta jafnvel KA höllina til að hafa lokahófið. KAa startaði vinaleiknum en vilja jafnvel breyta þessum leik til að blanda efri og neðri deildum saman.

Og vilja þá jafnvel bjóða bara uppá gott party en ekki svona hátíðarborðhald eins og verið hefur.

Dagsetningarnar voru 28-30 apríl 2018.

Spurning um dúka og leigu á þeim.

iii. Völsungur – Öldungur Jóna Matthíasdóttir

Bjarni Páll Vilhjálmsson kynnir umsóknina.

Mótið síðast haldið 1994 á Húsavík. Starfið er orðið mjög öflugt á Húsavík og nú eru þau með 7 lið hér á öldung í ár. Settu lið í úrvalsdeild kvenna í ár. Og eiga fullt af liðum í barnastarfinu líka.

Framkvæmd mun verða á Húsavík, Laugum og Hafralæk. Og þeir ætla að spreyta sig á að tjalda tjöldin sem voru ekki notuð á Neskaupsstað. Og telja sig vera búin að finna lausnina á því hvernig má tjalda þeim án þess að þau fjúki.

Nóg verður um party.

Spurning um Húsnæði og húsnæðisverð.

Lokahófið í í þróttahöllinni og jafnvel á Hótelinu líka.

Hitaplan með tjöldin og plan

Þróttur R/Keflavík – Öldungur Einar Hannesson

Einar Hannesson kynnir umsókn þeirra.

Búin að vera í talsambandi við Þrótt R í 2 ár.

Reynslan Þróttara af Blakmótum og húsnæðin í Reykjanesbæ.

Erum með stórt íþróttahús sem getur verið með 7 velli síðan verður spilað í Reykjaneshöllinni með 7 velli.

3 mín ganga á milli húsa og svo er stutt í önnur hús.

Keflvík hefur haldið stór körfuboltamót í 27 ár. Og hafa planleggjendur frá Keflvík komið að skipulagi þar.

Keflavík hefur vaxið hægt.

Lokahófið er planað í Hljómahöllinni standandi party.

Gengið er til atkvæðagreiðslu.

c. Breytingar á reglugerðum Öldungamót BLÍ, er lagðar verða fyrir næsta ársþing BLÍ

Tvær tillögur komnar fram

1. Um afnám öldungaþings í þeirri mynd sem það er, rökstuðningurinn er að þetta sé barn sins tíma og fáir nenna að mæta. Hægt að færa þetta undir BLÍ og gera kosninguna rafræna eða með öðrum hætti en á þinginu.

Framsögumaður: Guðrún Kristín Einarsdóttir Öldungur 2017

Tillaga til Öldungaþings 2017

Ég undirrituð legg til að Öldungaþing í núverandi mynd verði lagt af, þ.e. að það verði ekki haldið á meðan á öldungamótunum stendur. Þess í stað verði fjallað um málefni Öldungamótsins á árlegu Ársþingi Blaksambands Íslands og að stjórn BLÍ muni sjá til þess að þessum hluta þingsins sé gefin sérstakur tími ásamt því að kalla eftir laga- og reglugerðarbreytingum.

Reglugerðabreytingar munu þá berast til stjórnar BLÍ fyrir ársþing hverju sinni í stað þess að vera lagt fyrir öldungaþing eins og nú er.

Varðandi kosningu á Öldungi og Öldungamótum þá skulu mótshaldarar hverju sinni sjá um að útbúa kosningu og kynningu á innkomnum umsóknum þannig að öll lið sem mætt eru á mótið geti kosið á meðan á mótinu stendur. Úrslit kosninganna mun verða tilkynnt á lokahófi Öldungamótsins.

Rökstuðningur: Mjög fáir mæta á öldungaþingið á ári hverju og af t.d 157 liðum sem tóku þátt árið 2016 voru á að giska fulltrúar frá um 30 þátttökuliðum sem mættu og tóku þátt í umræðunum. Ástæðan er oft sú að mörg lið komast ekki þar sem þau eru að spila þegar þingið er og önnur í umsjón og sum í upphitun og sfrv.

Ég tel að með þessu þá munu þeir mæta sem hafa virkilegan áhuga á því að fjalla um málefni Öldungamótsins og það verði gert á faglegri og betri grundvelli og að þetta sé réttur vettvangur fyrir málefnið. Það tryggir líka þeim sem hafa áhuga á að mæta að þeir geti mætt en séu ekki að spila á sama tíma og þingið er.

Virðingarfyllst

Guðrún K Einarsdóttir

Formaður Blakdeildar Aftureldingar og Öldungur Mosaldar 2017

Umræður:

Jason leggur til að það verði samþykkt og að það verði bara stofnað öldungaráð.
Hannes Garðarsson leggur fram breytingtillögu.

Hvert lið fær atkvæðaseðil með mótsgögnum til að kjósa um þar næsta Öldungamót og næsta ef það liggur ekki fyrir. Atkvæðum skal skilað fyrir kl. 18:00 á öðrum mótssdegi til Öldungaráðs.

1. Talning:

Samþykkir breytingatillögu Hannesar: með meirihluta atkvæða

Á móti:2

Tillagan borin fram í heild sinni: Samþykkt að fella niður þingið: 19

Á móti:9

2. Tillaga 2 til þingsins: **Umsókn um að halda Öldungamót BLÍ eftir 2 ár**

Flutningsmaður tillögu:

Guðrún K Einarsdóttir, formaður blakdeildar Aftureldingar og Öldungur Mosaldar 2017

Tillaga til öldungarþings 2017

Breyting á grein 2.1 sem hljóðar svo:

Annar kafli

Gr. 2.1

Umsókn um að halda næsta Öldungamót BLÍ skal send inn til starfandi öldunganefndar og BLÍ, í síðasta lagi 21 degi fyrir næsta mótsdag, á þar til gerðu eyðublaði sem finna má á heimasíðu BLÍ. Ekki er tekið við umsóknum nema á tilgreindu umsóknareyðublaði og skulu allir reitir útfylltir. Öldunganefndin mun síðan yfirfara umsóknirnar, kynna þær á vef mótsins og leggja þær síðan fram til atkvæðagreiðslu á öldungarþinginu.

Breytingatillagan er svohljóðandi: **Umsókn um að halda öldungamót BLI eftir 2 ár.**

Jafnframt þarf þá að breyta setningu í reglugerð 4.1 þar sem er fjallað um dagskrá öldungarþings : Þar þarf þá að standa „**Kosning Öldungs eftir 2 ár“ í stað : b) Kosning Öldungs næsta Öldungamóts**

Útskýring og útfærsla: Öldungarþingið 2018 skal kjósa um mótsstað fyrir árið 2019 og 2020. Árið 2019 skal kosið um mótahald árið 2021 og svo framvegis.

Rökstuðningur: Vegna fjölda liða sem taka þátt í öldungamótum í dag þá er ljóst að skipulag í kringum mótin verða sífellt flóknari og viðfangsmeiri og kalla á meira skipulag hvað t.d. afnot af bæjarmannvirkjum og skólum og þar sem skóladagatal er ákveðið með löngum fyrirvara getur orðið snúið að breyta því eftir að búið er að festa þær dagsetningar.

Með því að vera búin að ákveða mótsstaða með 2ja ára fyrirvara þá einfaldar það alla skipulagningu og utnaumhald, bæði fyrir mótshaldar sem og keppendur.

Öldungamót BLI er stærsta fullorðinsmót sem haldið er á Íslandi ár hvert og ef við horfum til móta sem haldin eru á vegum UMFÍ og ÍSÍ t.d. þá eru mótsstaður ákveðnir með oft 5 ára fyrirvara.

Ég tel eftir að hafa staðið að mótahaldi Öldungamóts þrisvar sinnum, fyrst árið 2002, 2010 og nú 2017 að þá séum við komin með mótið á þann staða að þetta sé nauðsynlegt fyrir mótshaldara sem og bæjarfélögin að hafa þennan tíma til undirbúnings.

Virðingarfyllst

Guðrún K Einarsdóttir

Talning:

Samþykki: 21 og á móti: 3 Tillagan var því samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta og á næsta ári mun verða kosið um mótsstaði bæði fyrir árið 2019 og 2020.

2. Önnur mál: Engin atriði voru tekin undir önnur mál og þingi slitið.